

## AUGLÝSING

um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 64 16. desember 1943, um birtingu laga og stjórnvalda-erinda, er gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu, hér með ákveðið þannig:

1. Fyrir tilkynningu um skrásetningu hlutafélaga og samvinnufélaga	kr.	5 000.00
2. Fyrir tilkynningu um skrásetningu firma	—	1 500.00
3. Fyrir tilkynningu um veitingu prókúruumboðs, breytingu eða afturköllun á prókúruumboði	—	1 500.00
4. Fyrir tilkynningu um breytingu á hlutafélögum, samvinnufélögum og firmum (breytingu á stjórn, samþykktum, eigendaskipti o. fl.)	—	1 500.00
5. Fyrir tilkynningu um, að hlutafélag eða firma sé hætt störfum	—	300.00
6. Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar	—	2 200.00
7. Fyrir fjármark	—	500.00
8. Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross	—	300.00
9. Fyrir innköllun, þrjár birtingar	—	2 400.00
10. Fyrir auglýsingu um skiptafund	—	1 000.00
11. Fyrir einkaleyfisumsókn	—	1 000.00
12. Fyrir ógildingarstefnu	—	2 400.00
13. Fyrir dómsbirtingu	—	2 400.00
14. Fyrir tilkynningu um iðjuleyfi	—	700.00

Annað efni, sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með krónum 210.00 fyrir hvern dálksentimetra.

Myndamót, sem nota þarf við prentun auglýsinga, ska<sup>l</sup> auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 16. ágúst 1976. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing nr. 277 18. júní 1975, um gjald fyrir tilkynningar o. fl., sem birtist í Lögbirtingablaðinu.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. júní 1976.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Jón Thors.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 39/1970 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa.

### 1. gr.

1. gr. orðist svo:

Til þess að kandidat í læknisfræði geti átt rétt á að öðlast ótakmarkað lækningaleyfi og að heita læknir, skal hann að prófi loknu hafa lokið því framhaldsnámi, er hér greinir:

- a) Hann skal hafa unnið kandidatsstörf eða samsvarandi aðstoðarlæknisstörf á viðurkenndu deildaskiptu sjúkrahúsi (eða sjúkrahúsum) í samtals 12 mánuði. Þar af skal hann a. m. k. vinna í 2 mánuði á almennri lyflækningadeild og í 2 mánuði á almennri handlækningadeild, en a. m. k. skulu 9 mánuðir vera unnir

á klíniskum deildum og mest 3 mánuði á rannsóknardeildum. Lágmarkstími á deild skal vera 2 mánuðir.

Í stað starfa á deildaskiptu sjúkrahúsi má koma starf á óskiptu sjúkrahúsi, sem stjórn læknaeildar viðurkennir.

Kandidötum, sem útskrifast hafa samkvæmt eldri reglugerð læknaeildar Háskóla Íslands skulu vinna a. m. k. í einn mánuð á fæðinga- og kvensjúkdómadeild.

**2. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. læknalaga nr. 80 23. júní 1969 öðlast gildi 1. júlí 1976.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. júní 1976.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*